

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024-2025

Leikskólinn Furugrund

Tengsl við námskrá: Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Jákvæðs aga þar sem umhverfið einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Áhugavert og fjölbreytt starf sem unnið er í góðum tengslum við námsskrá leikskólans af metnaði, alúð og áhuga til að efla leikskólastarfið enn frekar með einkunnarorðin, virðing, hlýja, öryggi og traust í öllu starfinu. Ásamt lykilhugtökum barnasáttmálans, umhyggju, vernd og þátttaka. Unnið er að endurgerð nýrrar skólanámskrár.

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma vel fram í starfsáætluninni. Stefnt er að því að stofna formlegt matsteymi leikskólans sem mun sjá um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Símat var mikið notað, farið var yfir viðburði að þeim loknum og metið hvernig þeir gengu og gerðar tillögur að endurbótum. Unnið er að tyllidagahandbók þar sem allir uppbrotsdagar eru tilteknir og sett upp handrit að þeim ásamt tillögum að úrbótum ár hvert. Mikil vinna fór í að meta endurbætur á húsnaði skólans.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Í Furugrund er skólastarfið í stöðugri þróun og með þátttöku í þróunarverkefnum eykst færni kennara til að takast á við nýja hluti, auðvelda innleiðingu nýrra hluta og auka starfsánægju. Innleiðing uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga heldur áfram ásamt Lausnahringsins sem samfléttast við Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og endurnýjun á viðurkenningu Réttindaskóla innleiðingar. Ný ákvæði aðalnámskrár kveða á um aukna áherslu á sjálfssprottinn leik, inngilding og fullgilding og hlutverk kennara og verður aukin umræða og fræðsla um þessa þætti. Eins verður unnið áfram með niðurstöður Lanis skimunarprófa með það að markmiði að koma með tillögur að úrræðum sem nýtast foreldrum þar sem þess verður þörf. Leiðarstef leikskólans hefur verið endurtekin þátttaka í Evrópuverkefnum og árið í ár engin undantekning, nú verður leikskólinn þátttakandi í tveimur Evrópu verkefnum. Einu sem snýr að mikilvægi vatns í öllu lífi og ber heitið, „Life in a drop of water“ og öðru samstarfsverkefni kennt við Taith sem er við skóla frá Wales sem snýr að vinnubrögðum, aðalnámsskrá, skráningum og stjórnsýslu.

Endur - og símenntunaráætlun: Áætlun skólans er skýr og tekið fram að starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, til að mynda er stefnt á að allir deildastjórar hafi lokið námskeiði í Jákvæðum aga fyrir sumarið 2025 og að lágmarki þrír kennaramenntaðir starfsmenn ljúki námskeiði í Jákvæðum aga í hvert sinn sem námskeið er haldið. Könnun var gerð meðal starfsmanna þar sem margar áhugaverðar tillögur komu fram og verða skoðaðar sérstaklega því fræðsla og umræður eru hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska ásamt því að auka hæfni og starfsánægju starfsfólks.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Furugrund er einn af Réttindaskólum Kópavogs og tileinkar sér vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Markmið Furugrunda er að kynna fyrir börnunum mannréttindi sín og annarra og að þau séu virkir

þátttakendur í leikskólasamfélaginu. Kortlagning Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er samhliða og er stuðlað að sjálfbærni jarðar.

Börn: Umhverfi barna einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu og áhersla lögð á að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna. Börnunum er tryggt öryggi með stöðugleika í skipulagi og viðmóti þannig að þau upplifi sig örugg í leikskólanum og séu frjáls til að vera þau sjálf. Fjölbreytt, krefjandi og spennandi nám og verkefni sem börnunum stendur til boða.

Starfsmenn: Mannauður starfsmanna er nýttur, áhersla á uppbyggileg samskipti, hlustað á hvort annað, skoðun allra hefur vægi, liðsheild og styrkleikar hvers annars nýttir. Starfsmannastefna er með góða áherslupætti þar sem lögð er áhersla á góð samskipti og gagnkvæm virðing sé grundvallarþýðing fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Það bera allir sameiginlega ábyrgð á því að viðhalda góðum starfsanda og að allir vinna sem ein heild.

Foreldrar: Kennarar og starfsfólk Furugrundar leggja mikið upp úr því að foreldrar upplifi sig velkomna í leikskólann og eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu. Lögð er sérstök áhersla á að allir séu vel upplýstir og regluleg fréttabréf frá deildum og stjórnendum eru send út þar sem til að mynda eru upplýsingar um hvað fór fram í vikunni eða hvað er framundan. Samstarfið byggist á gagnkvæmum skilningi, trausti, viðhorfum, þekkingu og góðu upplýsingaflæði.

Annað: Í Furugrund starfar einstakur og metnaðarfullur mannauður sem hefur tekist á við ýmsar áskoranir með stækkun og viðamiklum breytingum leikskólans. Starfsmannavelta hefur minnkað og ákveðið jafnvægi skapast, starfsmenn upplifa breyttan opnunartíma afar jákvæðan og þróun í vistunartíma skapa meiri ró og minnka álag. Stjórnendur er engu síður á því að of mikill fjöldi barna séu í leikskólanum og hafa komið því á framfæri við Menntasvið.